

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

46. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, þriðjudaginn 8. febrúar 2005, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Valtýs Valtýssonar, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann, Heiðrún Ólafsdóttir síðari hluta fundarins sem varamaður fyrir Ingvar Pétur Guðbjörnsson sem vék af fundi og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá: nýr 13. liður nýr liður í 14. lið 14.1 og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 59. fundar hreppsráðs, 13/1'05, í 17 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 60. fundar hreppsráðs, 27/1'05, í 12 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Fræðslunefnd - 38. fundur 15/12'05, 3. liður. Afgreiðslu frestað á fundi hreppsnefndar 5. janúar 2005.

Lagt fram svar fræðslunefndar, dagsett 28/12'04, við beiðni hreppsnefndar um umfjöllun og tillögugerð varðandi tillögu K- og Ó-lista um úttekt á þeim kosti að sameina allt skólahlald á einn stað og undir eina stjórn á Hellu.

Afgreiðslu frestað.

2.2 Stjórn Eignaumsjónar - fundargerð 17. fundar 25/1'05, í 6 liðum.

Lagt fram bréf frá starfsmanni Eignaumsjónar, dagsett 27/1'05, ásamt minnisblaði vinnuhóps um uppbyggingu leikskóla á Hellu og Laugalandi. Mælt er með því að gengið verði til samninga um byggingu leikskóla í einkaframkvæmd.

Lögð fram tillaga frá fulltrúum D-lista um tilhögun vinnu við áframhaldandi skoðun á kostum varðandi uppbyggingu húsnæðis fyrir leikskóla. Lagt er til að Eignaumsjón Rangárþings ytra og Ásahrepps og skipulags- og byggingafulltrúa verði falið að vinna málið áfram samkvæmt nánari útlistun í tillögunni.

Lögð fram tillaga vegna uppbyggingar leikskóla í Rangárþingi ytra:

Um er að ræða tillögu varðandi leikskóla á Laugalandi annars vegar og hins vegar á Hellu.

Laugaland.

Undirritaðir leggja til að samið verði við Húsakynni b/s um leigu á einu af Giljatanga húsunum fyrir leikskóla á Laugalandi.

Greinargerð fylgir.

Hella.

Undirritaðir leggja til að byggður verði 4 deilda leikskóli á Hellu, hugsanlega í áföngum ef henta þykir (3+1).

Lagt er til að sveitarfélagið byggi leikskólann.

Greinargerð fylgir.

Undirritaðir: Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson.

Lagt er til að báðum tillögnum verði vísað til Umhverfissviðs Rangárþing ytra og Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps til umfjöllunar og tillögugerðar.

Samþykkt samhljóða.

Lagt fram bréf frá starfsmanni Eignaumsjónar, dagsett 27/1 '05, þar sem mælt er með því að tilboði Björns Halldórssonar í 100 ha. úr landi Merkihvols verði tekið, en tilboði í lögbylisrétt jarðarinnar Merkihvols er vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Lagt er til að Birni Halldórssyni verði seldir 100 ha úr landi Merkihvols á kr. 76 þús. pr. ha. án lögbylisréttar eða hlunninda.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2.3 Samgöngunefnd - 12. fundur 28/1 '05, í 7 liðum.

Lagður fram listi yfir leiðbeiningaskilti sem vantar í Rangárþingi ytra við stofnbrautir og tengivegi.

Lagt er til að samgöngunefnd ásamt sveitarstjóra verði falið að vinna að því að skiltin komist upp á þessu ári eins og fjárheimild er fyrir í fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða.


Lagt er til að 1. lið fundargerðarinnar verði vísað til 10. liðar á dagskrá fundarins,

Samþykkt samhljóða.

2. liður fundargerðarinnar samþykktur samhljóða en kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

6. lið fundargerðarinnar: Samþykkt samhljóða að vísa málinu til samgöngunefndar til nánari athugunar á kostnaði og tímasetningum varðandi framkvæmdir við Þykkvabæjarveg og Ásveg.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.



3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

- √ 3.1 Íþróttta- og æskulýðsnefnd - 24. fundur 26/1'05, í 4 liðum.
3.2 Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands - 245. fundur 14/1'05, í 6 liðum.

4. Álagning fasteignagjalda:

Lögð fram tillaga um breytingu á álagningarprósentum fasteignagjalda 2005:

Lagt er til að eftirfarandi álagningarprósentur, sem áður voru samþykktar fyrir árið 2005, breytist samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	<i>Var:</i>	<i>Verður:</i>
<i>Fasteignaskattur „A flokkur”</i>	<i>0,36%</i>	<i>0,33%</i>
<i>Fasteignaskattur „B flokkur”</i>	<i>1,32%</i>	<i>1,25%</i>

Undirritaróðir: Sigurbjartur Pálsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Valtýr Valtýsson, Engilbert Olgeirsson og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt samhljóða.

5. Endurskoðun á fjárhagsáætlun vegna sölu á Hitaveitu Rangæinga, greiðsla á skuld og sölutekjur:

Lögð fram tillaga að breytingu á fjárhagsáætlun Rangárþings ytra árið 2005 vegna sölu á Hitaveitu Rangæinga:

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2005 vegna sölu á Hitaveitu Rangæinga til Orkuveitu Reykjavíkur:

Tekjur vegna sölu eignarhlutar:

Sala á Hitaveitu Rangæinga kr. 63.888.000

Færist á flokk 27 „Óvenjulegir liðir”

Sérstakt framlag vegna jarðskjálfta:

Framlag til Hitaveitu Rangæinga kr. 23.760.000

Færist á liðinn 07 4 42 „Náttúruhamfarir”

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt samhljóða.

Ingvar Pétur vikur af fundi kl. 18:30 og við sæti hans tekur Heiðrún Ólafsdóttir.

6. Samantekt um eignir, skráð verðmæti og mögulegt verðmæti í sölu:

Lagður fram listi yfir eignir Rangárþings ytra í árslok 2004 og skráð verðmæti þeirra.

Sigurbjartur tekur ekki þátt í umræðum né atkvæðagreiðslu um þennan lið.

Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að selja hlutabréf skv. framlögðum lista fáist ásættanlegt verð fyrir þau. Lagt er til að eignalistanum verði vísað til Eignaumsjónar til frekari skoðunar og nánari útfærslu og kannaðir verði sölumöguleikar fleiri eigna.

Samþykkt samhljóða.



7. Tillaga að úthlutunarreglum lóða:

Lögð fram tillaga í 14 liðum um úthlutunarreglur lóða í Rangárþingi ytra.

Samþykkt samhljóða.

*Undirritaður fagnar því að nú skuli vera til samþykktar reglur um úthlutun lóða í Rangárþingi ytra, en ítrekar óánægju sína með vinnubrögð oddvita sem formanns og fundarboðanda í vinnunefnd um þessi málefni.
Heimír Hafsteinsson.*

8. Vinnuhópur um húsnæði fyrir skrifstofu og ráðstöfun húsnæðis fyrrum

Pvkkvabæjarskóla:

Oddviti skýrði frá störfum nefndarinnar.

Til kynningar.

9. Nefndakjör - breytingar vegna brottflutnings og fleiri aðstæðna:

Lögð fram tillaga um eftirfarandi breytingar á nefndaskipan Rangárþings ytra:

- a) Lagt er til að í atvinnu- og ferðamálanefnd komi Halldóra Hafsteinsdóttir, Há koti, sem aðalmaður, í stað Fjólu Runólfsdóttur. Lagt er til að Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Freyvangi 20, komi inn sem varamaður í stað Halldóru Hafsteinsdóttur.
- b) Lagt er til að í fræðslunefnd komi Hjalti Tómasson, Freyvangi 21, sem varamaður í stað Styrmis Grétarssonar. Lagt er til að Birkir Áramannsson, Brekku, komi sem varamaður í fræðslunefnd fyrir Sigrúnu Leifsdóttur. Lagt er til að Birna Guðjónsdóttir, Suður-Nýjabæ, komi sem varamaður í stað Halldóru Gunnarsdóttur.
- c) Lagt er til að í félagsmálanefnd komi Helena Benónýsdóttir, Há bæ, sem aðalmaður í stað Fjólu Runólfsdóttur. Lagt er til að Víglundur Kristjánsson, Þrúðvangi 8, komi sem varamaður í stað Helenu Benónýsdóttur.
- d) Lagt er til að í umhverfisnefnd komi Valdimar Óskarsson, Bjóluhjáleigu, sem aðalmaður í stað Fjólu Runólfsdóttur. Lagt er til að Guðrún Dröfn Ragnarsdóttir, Heiðvangi 21, komi sem varamaður í stað Valdimars Óskarssonar. Lagt er til að Halldóra G. Helgadóttir, Freyvangi 10, komi sem aðalmaður í stað Eggerts V. Guðmundssonar. Lagt er til að Særún Sæmundsdóttir, Smáratúni, komi sem varamaður í stað Eyclóar Bergsdóttur.
- e) Lagt er til að í húsnæfnd Brúarlundar komi Sigríður Theodóra Sæmundsdóttir, Skarði, sem aðalmaður í stað Fjólu Runólfsdóttur. Lagt er til að Sigríður Theodóra Kristinsdóttir, Minni-Völlum, komi sem varamaður í stað Sigríðar Theodóru Sæmundsdóttur.
- f) Lagt er til að í Almennavarnarnefnd Rangárvallasýslu komi Ólafur Elvar Júlíusson, forstöðumaður umhverfissviðs Rangárþings ytra í stað Guðmundar Inga Gunnlaugssonar.
- g) Lagt er til að öldrunarnefnd Rangárþings ytra verði lögð niður.
- h) Lagt er til í sameiginlega barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu komi Sigríður Heiðmundsdóttir, Kaldbak, sem varamaður í stað Gústafs Stolzenwald.

Samþykkt samhljóða.

10. Kynning á deiliskipulagstillögum fyrir miðbæ Hellu:

Lagt er til að Umhverfissviði og embætti skipulags- og byggingafulltrúa verði falið að gangast fyrir opnum kynningarfundum um skipulagsmál laugardaginn 26. febrúar 2005 í íþróttahúsinu á Hellu. Einkum verði lögð áhersla á að kynna fyrirliggjandi tillögu um skipulag miðbæjar Hellu þar sem fram kemur tillaga um legu hringvegarins og staðsetningu og fyrirkomulag hringtorga. Að auki gæfist tækifæri til að kynna ýmsar skipulagshugmyndir sem verið hafa í skoðun. Til fundarins verði boðið fulltrúum frá Vegagerðinni, hönnuði tillögu að skipulagi miðbæjar Hellu og þingmönnum.

Samþykkt samhljóða.

11. Tillaga að úthlutunarreglum vegna útgáfu- og kynningarstyrkja framboðslista:

Lögð fram tillaga að úthlutunarreglum vegna útgáfu- og kynningarstyrkja fyrir framboðslista sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn:

Gert er ráð fyrir að varið verði kr. 260.000 á yfirstandandi ári til útgáfustyrkja sem skiptist á listana samkvæmt framangreindri tillögu.

Samþykkt samhljóða.

12. Fjallskil:

12.1 Álagning fjallskilagjalda í Rangárþingi ytra - hugsanlegt brot á jafnræðisreglu - erindi frá Heimi Hafsteinssyni, dagsett 11/1 '05. Til kynningar.

12.2 Álitsgerð Óskars Sigurðssonar, hdl. um hugsanlegt brot á jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga, dagsett 26/1 '05. Til kynningar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Hreppsnefnd skorar á Héraðsnefnd Rangæinga að flýta endurskoðun á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu svo sem kostur er og að tillaga að nýrri reglugerð verði tilbúin fyrir 15. maí 2005.

Samþykkt samhljóða.

13. Tillaga um viðræður við Ásahrepp um samskipti sveitarfélaganna:

Lögð fram tillaga ásamt greinargerð frá K- og Ó lista um að farið verði í viðræður við sveitarstjórn Ásahrepps um samskipti sveitarfélaganna á viðum grunni.

Undirritaðir leggja til að Sveitarstjórn Rangárþings ytra óski eftir því við sveitarstjórn Ásahrepps að teknar verði upp viðræður um sameiginleg málefni sveitarfélaganna.

Það sem okkur finnst að sé mest aðkallandi að ræða í samskiptum sveitarfélaganna er eftirfarandi.

- Stjórnsýsla á Holtamanna afrétti.
- Fjallskilamál á Holtamanna afrétti.
- Skipting fasteignagjalda af mannvirkjum á Holtamanna afrétti.
- Skoðun á sameiginlegum rekstri sveitarfélaganna á Laugalandi.

Við leggjum til að gengið verði hratt til verks og niðurstaða liggi fyrir haustið 2005.

Viðar Steinarsson, Pröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt samhljóða.

14. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:


14.1 Rótaryklúbbur Rangæinga 7/2 2005 - boð á málþing um ferðaþjónustu 17/2 2005.

Til kynningar.

14.2 Beluga 27/1 '05 - kynning á umhverfsvottun fyrirtækisins og mögulegri þjónustu þess við markmiðssetningu.

Lagt er til að erindinu verði vísað til umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.



15. Annað efni til kynningar:

- 1451 Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson og Þröstur Sigurðsson - beiðni um álitserð KPMG Endurskoðunar hf. á ýmsum atriðum tengdum sölu á Fiskeldisstöðinni í Fellsmúla ehf.
- 15.2 Samningur milli aðildarsveitarfélaga Hitaveitu Rangæinga og Orkuveitu Reykjavíkur um sölu Hitaveitu Rangæinga, dagsettur 26/1'05.
- 15.3 Sorpstöð Suðurlands 12/1'05 - svar við fyrirspurn um ráðningu framkvæmdastjóra.
- 15.4 Menntamálaráðuneytið 24/1'05 - um skipulag skólahalds í Rangárþingi ytra skólaárið 2004-2005.
- 15.5 Alþingi - fjárlaganefnd 13/1'05 - um úthlutun framlags til viðgerða á manngerðum hellum og umsóknir fyrir fjárlagaárið 2006.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigurjardur Pálsson

Þröstur Sigurðsson

Viðar H. Steinarsson

Lúðvík 33

Viðar Sleimastólur

Þröstur Sigurðsson

Þröstur Sigurðsson

Sigrún Þóroddóttir

Sigrún Þóroddóttir

Sigrún Þóroddóttir

Tölvukerfi:

Hjá sveitarfélaginu er nokkuð umfangsmikill tölvu- og hugbúnaðarrekkstur. Í tölvu- og hugbúnaði sveitarfélagsins er gríðarlega mikið magn upplýsinga af margvíslegu tagi. Um hluta þessara upplýsinga þarf að gilda alger trúnaður, þar sem þær snerta einstaklinga. Mikilvægt er að uppbygging tölvukerfisins sé með þeim hætti að gætt sé fyllsta öryggis, svo sem kostur er, við varðveislu gagna og aðgengi að þeim. Liður í takmörkun á aðgengi er notkun svokallaðra lykilorða (password) og leggjum við til að tekið verði til skoðunar að styrkja notkun þeirra þannig að á hverri tölvu verði aðgangi stýrt með lykilorði og þeim verði breytt með reglubundnum hætti.

Aðalserver skrifstofunnar, þar sem allar upplýsingarnar eru varðveittar svo og þau tölvukerfi sem notuð eru, er staðsettur frammi á gangi í ólæstum skáp, samkvæmt upplýsingum skrifstofustjóra. Við teljum mjög mikilvægt að aðgengi að aðalservernum sé mjög takmarkað og að hann verði staðsettur í traustu rými.

Einn liður í varðveislu gagna er virk afritunartaka á upplýsingum. Samkvæmt upplýsingum skrifstofustjóra er tekið afrit af gögnum á hverri nóttu og afritunarspólur geymdar í eldtraustum skáp. Einnig er vikulega farið með afritunarspólu í annað hús. Mikilvægt er að virkt eftirlit sé með því að afritun gagna hafi heppnast, en framkvæmd afritunar getur farið eðlilega fram þó gögn hafi ekki skráðst á spólurnar.

Við viljum einnig benda á að í einstaka rekstrareiningum, svo sem í skólunum og leikskólunum eru upplýsingar í tölvukerfum, sem mikilvægt er að takmarka aðgang að og varðveisla sé með sem tryggustum hætti.

Uppáskriftir - kostnaðareftirlit

Sem lið í innra eftirliti er mikilvægt að eftirlit með gjaldfærslu kostnaðar sé með virkum hætti. Aðgreining starfa er liður í innra eftirliti. Mikilvægt er að þeir aðilar sem sjá um gjaldfærslu reikninga í fjárhagsbókhald og greiðslu þeirra staðfesti ekki reikninga sem gjaldfærðir eru.

Með virku kostnaðareftirliti styrkist öll fjármálastjórn og eftirfylgni með framkvæmd fjárhagsáætlunar. Einn liður í virku kostnaðareftirliti er reglulegur samanburður á raunkostnaði og fjárhagsáætlun. Forstöðumenn rekstrareininga hafa af og til fengið útskriftir úr fjárhagsbókhaldi til yfirferðar. Við leggjum til að tekið verði til skoðunar að forstöðumönnum rekstrareininga verði með reglubundnum hætt sendar upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi um viðkomandi rekstrareiningu með samanburði við fjárhagsáætlun. Með þeim hætti er mun fyrir hægt að grípa inn í og gera ráðstafanir stefni raunkostnaður fram úr fjárhagsáætlun.

Kveðja Einar Sveinbjörnsson / Hjalti Þorvarðarson

KPMG

Rangárþing ytra
bt. Guðmundar Inga Gunnlaugssonar
Laufskálum 2
850 Hella.

Minnisblað vegna endurskoðunar 2004

Selfossi, 31. janúar 2005.

Í tengslum við endurskoðun vegna ársins 2004, viljum við koma á framfæri nokkrum ábendingum er tengjast vinnu okkar.

Laun:

Launadeild sveitarfélagsins sér um útreikning launa allra starfsmanna þess. Starfsmaður launadeildar er Guðný Sigurðardóttir. Farið var yfir verkferla við framkvæmd launaútreiknings og atriðum því tengdu.

Laun eru einn stærsti einstaki útgjaldaliður sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að á hverjum tíma sé þess gætt að nýting þessa gjaldaliðar sé sem hægkvæmust fyrir sveitarfélagið.

Í tengslum við að styrkja innra eftirlit með skráningu og útreikningi launa viljum við benda á nokkur atriði sem við teljum æskilegt að taka til skoðunar:

- Mikilvæg er að ávallt séu fyrirliggjandi á einum stað hver launakjör starfsmanns eru og einnig hver ákvarðaði þau. Í þessu sambandi leggjum við til að tekið verði til skoðunar hvort það myndi ekki styrkja innra eftirlit með framkvæmd launaútreiknings að á ráðningarsamninga verði skráðar allar breytingar sem gerðar eru á kjörum og viðkomandi forstöðumaður staðfesti breytinguna með áritun sinni. Rita mætti breytinguna t.d. aftan á samninginn ef það er talið heppilegt. Mikilvægt er að okkar mati að hjá launafulltrúa liggi ávallt fyrir áritaðar staðfestingar á breytingum á launakjörum. Með þessu fyrirkomulagi myndi allur samanburður á útreikningi launa og launakjörum viðkomandi verða auðveldari.
- Tekið verði til skoðunar hvort heppilegt geti verið að þegar launaútreikningi lýkur, fái hver forstöðumaður útprentun á launum sinnar rekstrareiningar og staðfesti, með áritun sinni á útprentunina, að launin séu rétt út reiknuð og megi gjaldfærast þannig á viðkomandi rekstrareiningu. Einnig verði tekið til skoðunar hvort einhver aðili t.d. sveitarstjóri, eða einhver sem hann tilnefnir fari yfir launaútreikninginn áður en til útborgunar kemur.

Dags:	1. 2. 2005
Erindi:	Þátttöku og útskýringar um launadeild og launakjör.
Vistun:	Þátttöku og útskýringar um launadeild og launakjör.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

45. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 24. janúar 2005, kl. 18:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Engilberts Olgeirssonar, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann og (Ingibjörg Gunnarsdóttir) sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

Engar fundargerðir liggja fyrir.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

Engar fundargerðir liggja fyrir.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Hitaveita Rangæinga - stjórnarfundur 17/1'05, sem er í 1 lið.

Til kynningar.

"Bókun vegna fundargerðar 20. fundar stjórnar Hitaveitu Rangæinga dags. 17. janúar 2005: *Eins og fram kemur í fyrsta lið fundargerðarinnar þá er það sameiginlegt álit stjórnarmanna Hitaveitu Rangæinga að farið hafi verið eftir tillögum Viðars og Heimis, um sölu á HR og greiðslu á 45 milljóna kr. skuld sveitarfélaganna.*

Í ljósi þessa sameiginlega skilnings stjórnarmanna HR teljum við að markmiðum okkar um bættan rekstur eða sölu HR sé náð, til hagsbóta fyrir neytendur á svæði hitaveitunnar.

Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson, Þröstur Sigurðsson."

Lögð fram stjórnsýslukæra Viðars Steinarssonar og Heimis Hafsteinssonar til iðnaðarráðuneytisins vegna ákvörðunar aðalfundar Hitaveitu Rangæinga, 20/12'04 um könnunarviðræður við Orkuveitu Reykjavíkur.

Til kynningar.

"Bókun vegna stjórnsýslukæru sem undirritaðir lögðu fram vegna formgalla á tillöguflutningi á aðalfundi Hitaveitu Rangæinga dags. 20. des. 2004:

Undirritaðir falla frá stjórnsýslukæru vegna formgalla á tillöguflutningi á aðalfundi Hitaveitu Rangæinga (HR) árið 2004. Ástæðan er sú að við höfum fengið vitneskju um það frá Pétri A. Sverrissyni lögfræðingi í Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, samkvæmt símtali, að stjórn HR flokkist ekki sem "lægra sett stjórnvald" samkvæmt stjórnsýslulögum en undir það verður viðkomandi aðili að flokkast til að þeir í ráðuneytinu geti tekið afstöðu.

Undirritaðir harma engu að síður vinnubrögðin sem viðhöfð voru.

Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson."



4. Drög að samningi um sölu Hitaveitu Rangæinga:

Lögð fram drög að samningi milli Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Ásahrepps annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur hinsvegar um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á Hitaveitu Rangæinga.

Drög að samningi um sölu Hitaveitu Rangæinga til Orkuveitu Reykjavíkur samþykktur samhljóða.

Eftirfarandi eru 8. og 9. grein í drögum að samningi um sölu Hitaveitu Rangæinga til Orkuveitu Reykjavíkur til skýringar á tilgreindu söluverði Hitaveitu Rangæinga og breytingum á gjaldskrá:

"8. gr.

Kaupverð hins selda er kr. 121.000.000.-, skrifa eithundrað tuttuguogeinmilljón 00/100 og greiðir kaupandi það á eftirfarandi hátt:

Við staðfestingu samningsaðila:	111.000.000.-
Lokaafgreiðsla:	<u>10.000.000.-</u>
Samtals:	121.000.000.-.

Kaupverð er miðað við sjóðsstöðu, kröfur og skuldir skv. bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2004 og kann að taka breytingum við endurskoðað uppgjör. Lokagreiðsla er háð breytingum á því uppgjöri. Hún fer fram þegar uppgjorið liggur fyrir og ennfremur að fyrir liggji samþykki iðnaðarráðherra á framsali einkaleyfis, sbr. 2. gr. samnings þessa.

Kaupverð miðast við að núverandi eigendur Hitaveitu Rangæinga greiði veitunni kr. 45.000.000.- vegna úrbóta eftir jarðskjálfta, skv. samkomulagi sveitarfélaganna og ríkisins.

Yfirtaka kaupanda á rekstri Hitaveitu Rangæinga miðast við 1. janúar 2005 og hirðir kaupandi arð af rekstri hennar og greiðir gjöld hennar frá sama tíma.

Við kaupin yfirtekur kaupandi eftirtaldar langtímaskuldir veitunnar:

Lánasjóður sveitarfélaga,	
15 skuldabréf samtals að fjárhæð:	36.927.072
Búnaðarbankinn verðbréf	172.438.684
Íslandsbanki, nr. 1-30	<u>316.137.566</u>
Samtals	525.303.322

9. gr.

Kaupandi mun jafna út þann mun sem er á gjaldskrá seljanda og gjaldskrá kaupanda með eftirfarandi hætti:

Frá og með 1. janúar 2005 verður eftirfarandi breyting gerð á gjaldskrá Hitaveitu Rangæing:
Rúmmetraverð vatns verður kr. 76.64 án vsk.

Gjöld skv. hemlasölu til sumarhúsa verða kr. 48.050,- án vsk á ári fyrir 3 mínútulíttra.

Hinn 1. janúar 2007 mun kaupandi færa gjaldskrá á svæði Hitaveitu Rangæinga til samræmis við gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur. Verð heita vatnsins til þéttbýlisstaða mun verða tengt gjaldskrá kaupanda í Reykjavík. Aðrir hlutar gjaldskrár svo sem vegna heimæðargjalda og í dreifbýli verða háðir ákvörðunum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, kaupandi skal leitast við að gæta samræmis innan veitusvæðis síns.

Lög nr. 139/2001 um stofnun Orkuveitu Reykjavíkur, með breytingum nr. 135/2003, reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 623/2004 og tæknilegir tengiskilmálar Orkuveitu Reykjavíkur gilda framvegis um Hitaveitu Rangæinga."

"Bókun vegna sölunnar á Hitaveitu Rangæinga:

Undirritaðir lýsa yfir mikilli ánægju með að tillögur okkar um sölu á Hitaveitu Rangæinga, sem við ítrekað höfum sett fram innan stjórnar veitunnar, skuli loks hafa náð fram að ganga að því er virðist samhljóða hjá öllum eigendum. Það er gleðilegt að full samstaða skuli hafa náðst um þetta mikilvæga markmið. Meginávinningur af sölu þessari kemur í vasa neytenda á svæðinu í formi lægra orkuverðs og því ber að fagna sérstaklega. Undirritaðir : Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson, Þröstur Sigurðsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir
Þröstur Sigurðsson
Heimir Hafsteinsson

Viðar Steinarsson
Þröstur Sigurðsson
Heimir Hafsteinsson
Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

44. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 5. janúar 2005, kl. 20:30.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Halldóra Gunnarsdóttir, varamaður fyrir Heimi Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnáði honum.

Lögð fram breyting á dagskrá: Nýr 14. liður og færast aðrir liðir aftur sem því nemur. Einnig er nýr liður, 15.2.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 58. fundar hreppsráðs, 23/12'04, sem er í 12 liðum.
Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Fræðslunefnd - 38. fundur 15/12'04, sem er í 5 liðum.

Lagt fram svar fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dagsett 28/12'04, við beiðni hreppsnefndar um umfjöllun og tillögugerð varðandi tillögu K og Ó lista um úttekt á þeim kosti að sameina allt skólalald á einn stað og undir eina stjórn á Hellu.

Afgreiðslu á 3ja lið fundargerðarinnar er frestað til næsta hreppsnefndarfundar.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt með 8 atk. 1 situr hjá (VV).

2.2 Íþrótt- og æskulýðsnefnd - 23. fundur 28/12'04, sem er í 4 liðum.

Lögð fram tillaga íþrótt- og æskulýðsnefndar, dagsett 29/12'04, um styrkveitingu til GHR fyrir árið 2004.

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Hitaveita Rangæinga - aðalfundur 20/12'04, sem er í 6 liðum.

3.2 Sorpstöð Suðurlands - 121. fundur 20/12'04, sem er í 6 liðum.

Lögð fram til kynningar breytt gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands bs., frá og með 1/1'05.

Viðar H. Steinarsson leggur fram svohljóðandi bókun og varðar það lið 3.1:

"Heimir Hafsteinsson og Viðar H. Steinarsson hafa sent bréf til stjórnarformanns Hitaveitu Rangæinga þar sem við óskum eftir að fundur verði haldinn í stjórn Hitaveitu Rangæinga (HR) innan hálfsmánaðar frá dagsetningu þessa bréfs sem dagsett er 3. janúar 2005.

Óskað er eftir að tillaga frá aðalfundi HR. dags. 20. des. sl. um sölu á HR. verði tekin upp og rædd, og teljum við að aðalfundur yfirtaki ekki völd stjórnar. Samkvæmt skilningi okkar á stofnsamningi HR. þá hefur aðalfundur ekki æðsta vald yfir HR., eins og haldið var fram á unnræddum aðalfundi.

Óskað er jafnframt eftir því að úttektarskýrsla ParX ásamt athugasemdum og tillögum undirritaðra verði afgreidd.

Viðar H. Steinarsson."

Varðandi lið 3.2 óskar sveitarstjórn eftir upplýsingum frá stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. um hvers vegna starf framkvæmdastjóra Sorpstöðvarinnar var ekki auglýst opinberlega.

4. Eggert V. Guðmundsson :

Lagt fram bréf frá Eggert V. Guðmundssyni, dagsett 28/12'04, þar sem hann tilkynnir flutning úr sveitarfélaginu og úrsögn úr sveitarstjórn.

Sveitarstjóri las bréf frá Eggerti þar sem hann þakkar fyrir samstarfið í sveitarstjórninni.

Próstur Sigurðsson boðinn velkomin til starfa sem aðalmaður í sveitarstjórn.

5. Menntamálaráðuneytið - fyrirspurn um tilhögun kennslu að loknu verkfalli:

Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dagsett 22/12'04, þar sem fram kemur fyrirspurn um tilhögun kennslu í grunnskólum sveitarfélagsins að loknu verkfalli.

Bréfið var áður á dagskrá 41. fundar hreppsnefndar, 1/12'04.

Lagðar fram áætlanir skólastjóra Grunnskólans Hellu og skólastjóra Laugalandsskóla um fjölgun virkra kennsludaga á skólaárinu 2004 - 2005 til að bæta upp tapaða kennsludaga í verkfallinu að hluta.

Sveitarstjóri leggur til að svör skólastjóranna verði svar hreppsnefndar til menntamálaráðuneytisins.

Samþykkt með 8 atk. 1 situr hjá (V.V).

6. Tillögur að gjaldskrá:

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir hundahald í Rangárþingi ytra árið 2005:

"1. gr.

Gjald fyrir undanþágu til hundahalds sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Rangárþingi ytra nr. 617/2004, skal á árinu 2005 vera kr. 9.700. Gjald daga er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutadeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða. Gjald vegna föngunar og vörslu lausra hunda er kr. 5.000. Innifalin er vinna, akstur, umsjón og búrleiga. Að auki greiðist annar útlagður kostnaður.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þ. 5. janúar 2005 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2005 og tekur þegar gildi.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þ. XX. XXXXXXXX 2005."

Lögð fram greinargerð með tillögunni um áætlaðar tekjur og kostnað.

Tillagan samþykkt með 7 atk. 2 sitja hjá (V.H.S. og Þ.S.).

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2005:

"1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. samþykkt nr. 615/2004 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra fyrir árið 2005, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

- | | | |
|--|-----|-------|
| a) Hirðing frá íbúðum í þéttbýli og dreifbýli m.v. vikulega losun, 1 poki | KR. | 9.810 |
| b) Hirðing frá íbúðum í dreifb. m.v. losun á 2ja vikna fresti, 1 poki á viku | KR. | 8.100 |

c) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki - aðgangur að gámum	KR.	4.905
d) Eyðingargjald fyrir hverja íbúð	KR.	4.500
e) Sumarhús - aðgangur að gámum	KR.	3.270
f) Eyðingargjald fyrir sumarbústaði	KR.	1.500
g) Smærri fyrirtæki og stofnanir m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum skv. talningu) (fyrirtæki sjá um gáma þar sem þeir eru notaðir en Rangárþing ytra sér um flutning á förgunarstað og greiðir fyrir meðhöndlun úrgangsins þar)	KR.	9.810
h) Eyðingargjald fyrir smærri fyrirtæki og stofnanir (margf. m.v. pokafj.)	KR.	4.500
i) Stærri fyrirtæki, stofnanir, sláturhús og fyrirtæki með iðnaðarframleiðslu sjá sjálf um geymslu og flutning úrgangs til móttökustöðva og greiða fyrir meðhöndlun úrgangsins þar samkvæmt gjaldskrá móttökustöðvanna (ef Rangárþing ytra sér um flutning úrgangs frá þessum aðilum og/eda greiðir fyrir meðhöndlun úrgangsins til móttökustöðvanna, skal gera reikning á viðkomandi í samræmi við reikninga frá flutnings- og móttökuaðilum). Gjald dagar eru sömu og fasteignagjalda.		

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þ. 5. janúar 2005 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2005 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þ. XX. XXXXXXXX 2005."

Lögð fram greinagerð með tillögunni um áætlaðar tekjur og kostnað.

Samþykkt samhljóða að fela hreppsráði að taka tillöguna til umfjöllunar og endanlegrar afgreiðslu með hugsanlega breytingu á einstökum gjaldaliðum að markmiði.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Rangárþingi ytra:

"1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni samþykkt Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

2. gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa:

0 - 2000 lítrar	kr. 3.600
2001 - 4000 lítrar	kr. 4.300
4001 - 6000 lítrar	kr. 5.000

Losunargjald fyrir rotþrær sem eru yfir 6.000 lítrar að stærð innheimtist samkvæmt rúmmetraffjölda hvernar rotþróar, kr. 2.200 fyrir hvern rúmmetra.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hvers árs og hefur sömu gjald daga og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli 4. og 5. gr. samþykktar nr. 618/2004 um hreinsun fráveituvatns og reglulega losun, vinnslu eða förgun seyru í Rangárþingi ytra og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra á fundi hennar þann 5. janúar 2005. Gjaldskráin var samþykkt af Heilbrigðisnefnd Suðurlands þ. X. XXXXXXXX 2005."

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu tillögunnar um óákveðinn tíma eða þangað til áætlanir um fjölda rotþróa, losunartíðni og kostnað liggja fyrir.

7. Tillaga að breyttu starfsheiti skipulags- og byggingafulltrúa og breyttu verkefnasviði:

Lögð fram tillaga að breyttu starfsheiti skipulags- og byggingarfulltrúa. Lagt er til að framvegis verði starfsheiti skipulags- og byggingafulltrúa "sviðsstjóri Umhverfissviðs og skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra".

Tillagan að breyttu starfsheiti samþykkt samhljóða og ákveðið að unnið verði áfram að tillögu að lýsingu á verksviði og að hún verði lögð fyrir hreppsnefnd í febrúar.

8. Breytingar á fulltrúum í nefndum og stjórnnum vegna brottflutnings og annarra breytinga:

Lögð fram tillaga um að oddvitar lista fundi og fari yfir nefndalistana og leggi fram tillögur um nýtt fólk í nefndir í stað brottfluttra og nefndarmanna sem hafa hætt störfum.

9. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands - um leikvallatæki og leiksvæði:

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dagsett 20/12'04, varðandi leikvallatæki og leiksvæði.

Sveitarstjóri skýrði frá því að sviðsstjóra Umhverfissviðs hafi verið falið að undirbúa tímasetta áætlun um endurbætur á leiksvæðum og leiktækjum sem verður send til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Til kynningar.

10. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands - beiðni um umsögn:

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dagsett 28/12'04, þar sem fram kemur beiðni um umsögn um drög að starfsleyfisskilyrðum fyrir endurvinnslu úrgangs í Þykkvabæ.

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri svari bréfinu, upplýsi að hreppsnefnd hafi samþykkt að vísa beiðninni til frumathugunar hjá Umhverfissviði Rangárþings ytra og jafnframt að ekki sé mögulegt vegna umfangs málsins að skila umsögn 10. janúar 2005.

11. Sigurður Guðmundsson hdl. - umsögn um landskipti á jörðinni Læk:

Lagt fram bréf frá Sigurði Guðmundssyni hdl., dagsett 27/12'04, þar sem fram kemur beiðni um umsögn um landskipti á jörðinni Læk í Holtum.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin skv. framlögðum gögnum.

12. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands - spurningarkönnun í skólum:

Lagt fram bréf frá rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, dagsett 20/12'04, þar sem fram kemur beiðni um heimild til spurningarkönnunar í skólum vegna rannsóknar á menntun nemenda með þroskahömlun.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til skólastjórnanna til ákvörðunar.

13. Málflutningsskrifstofan ehf. - umsögn um úrskurði Óbyggðanefndar:

Lögð fram umsögn Málflutningsstofunnar ehf., dagsett 30/12'04, um úrskurði Óbyggðanefndar um þjóðlendur.

Samþykkt að fá nánari greiningu og mat á kostnaði.

14. Fyrirspurn frá Viðari H. Steinarssyni vegna sölu á eignum Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. - Svör oddvita við fyrirspurn Viðara H. Steinarssonar:

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn til oddvita frá Viðari H. Steinarssyni, dagsett 3/1'05, varðandi sölu á eignum fiskeldisstöðvarinnar á Fellsmúla:

"Nú hafa eigendur stöðvarinnar að Fellsmúla þ.e. Rangárþing ytra og Ásahreppur frestað ákvörðun um staðfestingu á þeim sölusamningi sem fyrir liggur vegna mikilla athugasemda við hann sem komu fram í álitum sem sveitarstjórnirnar létu vinna.

Undirritaður er stjórnarmaður í Fiskeldisstöðinni að Fellsmúla skipaður af sveitarstjórn og taldi ég edlilegt þegar sú staða kom upp sem að framan greinir þá myndi verða kallað til fundar í stjórn stöðvarinnar hið fyrsta og unnið að lausn málsins þar eðli málsins samkvæmt. Það var ekki gert og þrátt fyrir að ég hafi marg oft nefnt það við formann stjórnar, sem jafnframt er oddviti Rangárþings ytra, að haldinn yrði fundur um málið í stjórn þá hefur því ekki verið sinnt.

Spurningar mínar eru í þessu samhengi eftirfarandi:

- Í hvaða farvegi hefur málið verið frá því að ljóst var að sveitarstjórnirnar gætu ekki staðfest fyrirliggjandi sölusamning?*
- Ef málið er í vinnslu: þá hvar, af hverjum, í umboði hvers og hvað er verið að gera ?*

- Er eðlilegt að halda stjórn frá málinu með þeim hætti sem formaður gerir?

Síðan að lokum. Sú undarlega venja hafði skapast að aðalfundur FF var haldinn á einhverjum síðustu dögum hvers árs og þótti mönnum þetta ekki góður siður og vildu færa þetta framár á árið. Nú hins vegar bregður svo við að liðið er fram yfir áramót þannig að ekki var haldinn aðalfundur FF á árinu 2004 þannig að lengi getur vont versnað.

Og aukaspurningin er þessi:

- Hvenær verður aðalfundur FF fyrir 2003 haldinn að ég nefni nú ekki árið 2004.

Viðar Steinarsson stjórnarmaður í FF"

"Svör vegna fyrirspurna Viðars H. Steinarssonar til oddvita varðandi sölu á eignum Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. lögð fram á fundi hreppsnefndar miðvikudaginn 5. janúar 2005.

1. Spurt er í hvaða farvegi málið sé frá því að ljóst hafi verið að sveitarstjórnir gætu ekki staðfest fyrirbyggjandi sölusamning.

Á fundi samráðsnefndar Ásahrepps og Rangárþings ytra 29. nóvember er bókað undir dagskrárlíð 2 „Fiskeldisstöðin Fellsmúla“:

"Gögn varðandi málið lögð fram og kynnt. Nokkrar umræður urðu um ýmis ákvæði samningsins, lögfræðiálit og minnisblað sem orðið hefur til síðan samningurinn var upphaflega kynntur sem hluti af samningnum. Málinu frestað til næsta fundar meðan frekari upplýsingaöflun fer fram."

Á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 1. des er eftirfarandi bókað undir 6. lið dagskrár: „Fiskeldisstöðin í Fellsmúla ehf.“:

"Lögð fram fundargerð stjórnar Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. Dagsett 13/10 2004.

Lögð fram drög að kaupsamningi um rekstur og eignir Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf.

Lögð fram umsögn Óskars Sigurðssonar hdl. Dagsett 27/10 2004 og umsögu Valgarðs Sigurðssonar hrl. Dagsett 11/11 2004, um ákvæði kaupsamningsins.

Lögð fram yfirlýsing kaupenda og seljanda vegna ýmissa ákvæða í kaupsamningnum.

Lúðvík vikur af fundi og tekur ekki þátt í umræðu um þennan lið.

Til kynningar."

Ekki er unnt að lesa úr þessum bókunum í fundargerðum samráðsnefndar og sveitarstjórnar Rangárþings ytra, að sveitarstjórnirnar hafi ekki á þeim tíma getað staðfest fyrirbyggjandi sölusamning. Í umræðu á fundunum kom fram að ástæða væri til þess að biða eftir nánari upplýsingum um mögulegt söluverð skuldabréfs eða athugun á þeim möguleika að kaupsamningur verði að einhverju leyti endursaminn vegna framkominna ábendinga.

2. Spurt er hvort málið sé í vinnslu, hjá hverjum og í hvaða umboði og hvað sé verið að gera.

Á stjórnarfundum Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. 17/5 2004. er eftirfarandi bókað undir 2. lið dagskrár:

"2.Kauptilboð:

a) Formaður kynnir að fimm aðilar hafi lýst áhuga á að fá og verið send tilboðsgögn. Aðeins barst eitt marktækt tilboð í eignir stöðvarinnar sem var frá Lúðvík Bergman.

b) Kauptilboð frá Lúðvík Bergman kynnt til umræðu. Tilboð LB hljóðar upp á krónur 21 milljón króna fyrir fasteignir, leigusamninga, hitaveitu, vatnsveitu, fiskiker, og öll önnur tæki og tól sem tilheyra rekstrinum og er tilbúinn að bæta við fjórum milljónum króna ef óseldur fiskur fylgir með í kaupum.

c) Framkvæmdastjóri upplýsir að í dag séu til í stöðinni seiði að verðmæti 4-6 milljónir króna fyrir utan þau seiði sem eru í eldi samkvæmt samningi. Einnig er í stöðinni klakfiskur að verðmæti um 1,5 milljónir króna.

d) Tekjur af seiðasölu samkvæmt samningum nú í vor er á bilinu 10-12 milljónir króna.

e) Óljóst er á þessari stundu með seiðasleppingar hjá veiðifélagi Þjórsár og þarf að fá það á hreint áður en hægt er að ganga til samninga um sölu á stöðinni.

Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga til viðræðna við Lúðvík Bergman um sölu á eignum Fiskeldisstöðvarinnar að Fellsmúla á þeim forsendum sem stjórn hefur markað þ.e. að heildarkaupverð fyrir eignir, seiði og klakfisk verði ekki undir 30 milljónum króna.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.

Fundarritari Viðar Steinarsson."

Samkvæmt þessari bókun er það alveg ljóst að formaður stjórnar og framkvæmdastjóri hafa umboð til þess að annast samningagerð við LB á þeim forsendum sem stjórnin hefur markað. Það sem liggur fyrir á þessari stundu um verð fyrir umræddar eignir uppfyllir þá markmiðssetningu um söluverð sem stjórnin setti. Fundur var haldinn í stjórn FF þ. 13. október 2004 þar sem kaupsamningurinn var kynntur fyrir stjórninni auk samkomulags um sölu á fiski sem til var í stöðinni. Á þeim fundi voru ekki gerðar athugasemdir við það sem fyrir lá. Framkvæmdastjóri hefur undanfarið unnið að sölukönnun á skuldabréfi sem kaupendur gáfu út fyrir söluverði annarra eigna en seiða. Niðurstöðu er beðið og vonast til þess að hún liggi fyrir innan skamms.

3. Spurt er um skerta aðkomu stjórnar að málinu.

Sjá svar við 2. lið. Stjórnin hefur haft fulla aðkomu að málinu eins og fyrrgreind bókun ber með sér.

4. Að endingu er spurt um tímasetningu aðalfunda.

Þegar undirritaður var kaupsamningur um eignir Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. 21. sept. 2004, var það trú undirritaðs að takast mætti að ljúka sölunni fyrir áramót og ganga frá uppgjöri. Fram á síðasta dag var þessu trúað.

Þegar í ljós kom rétt undir jól að svo yrði ekki var ætlunin að halda fund milli hátíða svo sem venja hefur skapast um.

Persónuleg atvik, tengd formanni stjórnar, höguðu því svo til að hann þarf að takmarka fundahöld um skamma hríð og því var ekki boðað til fundar á hefðbundnum tíma.

Aðalfundur verður haldinn um leið og því verður við komið.

Sigurbjartur Pálsson"

"Viðar þakkar oddvita fyrir að svara fyrirspurnum en telur svörin vera útúrsnúning nema það sem varðar svar nr. 4 um frestun á aðalfundi"

15. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

- 15.1 Endurmenntun Háskóla Íslands 22/12'04 - námskeið um stjórnsýslureglur og meðferð mála hjá sveitarfélaginu.
- 15.2 Brynja Rúnarsdóttir 4/1'05 - umsókn um styrk vegna tónleika í Þykkvabæ.

Afgreiðslu frestað og farið fram á nánari upplýsingar um áætlaðan kostnað og tekjur.

16. Annað efni til kynningar:

- 16.1 Karl Björnsson, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga 23/12'04 - um kjarasamninga við Félag leikskólakennara.
- 16.2 Skógræktarfélag Rangæinga 28/12'04 - um starfsemina árið 2004 og fyrirhugaða starfsemi árið 2005.
- 16.3 Félagsmálaráðuneytið-Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 17/12'04 - um ýmis framlög Jöfnunarsjóðs.
- 16.4 Ásahreppur 22/12'04 - bókun í hreppsnefnd um tillögur vinnuhóps um húsnæðismál leikskóla.

Sveitarstjóra falið að gera athugasemd með bréfi til hreppsnefndar Ásahrepps við það að vinnuskjal frá vinnuhópi um húsnæðismál leikskóla hafi verið tekið til efnislegrar umfjöllunar í hreppsnefnd Ásahrepps, sbr. liður 16.4, áður en það hefur verið tekið fyrir í stjórn Eignaumsjónar og fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Samþykkt samhljóða.

- 16.5 Ásahreppur 22/12'04 - samþykkt um gjaldskrá fyrir búfjárefirlit.
- 16.6 Umhverfissráðuneytið 28/12'04 - um styrk til fráveituf framkvæmda á árinu 2003.
- 16.7 Landsnet 28/12'04 - um viðtöku á rekstri flutningskerfis raforku frá Landsvirkjun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 03.00

Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.